

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 8-2019

Staður: Hvanneyri

Tími: þriðjudaginn 24. september 2019, kl. 13:30-15:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Jóhannes Kristjánsson, Hera Sól Hafsteinsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir og Halldór Þorgeirsson.

Dagskrá

1. Ársreikningur 2018

Ársreikningur 2018 lagður fram til samþykktar. Rekstrarstjóri útskýrði einstaka liði fyrir háskólaráði. Ársreikningur 2018 er samþykktur.

2. Fjárlagafrumvarp 2020

Rekstrarstjóri útskýrði helstu breytingar frá fjárlagafrumvarpi 2019. Unnið er að því að sækja um aukafjárveitingu vegna landbúnaðarrannsókna. Lögð voru fram drög að uppbyggingar- og aðgerðaáætlun sem byggir á stefnu skólans til næstu ára og tillögum sem ræddar hafa verið í ráðuneytinu og við Ríkiseignir. Rektor er falið að vinna áfram að málinu í samvinnu við ráðuneytið.

3. Starfsáætlun háskólaráðs 2019-2020

Starfsáætlun háskólaráðs 2019-2020 lögð fram til samþykktar. Starfsáætlunin er lifandi skjal sem tekur eðlilegum breytingum á starfsárinu. Starfsáætlunin er samþykkt. Rætt um að hafa pláss á dagskrá eftir áramót til að taka stefnumótandi umræðu fyrir sérstakar áherslur í stefnunni.

4. Niðurstaða háskólafundar

Háskólafundur haldinn 13. september samþykkti eftirfarandi tvær ályktanir:

Háskólafundur dags. 13.9.2019 styður framlagða tillögu að breyttu skipulagi Lbhí (eða skipurit) og felur rektor og háskólaráði að ganga frá reglubreytingum þar að lútandi í samráði við háskólasamfélagið.

Háskólafundur dags 13.9.2019 áréttar mikilvægi þess að staða starfsmenntanámsins verði tryggð til framtíðar og felur háskólaráði að ganga frá því hið fyrsta.

Háskólaráð mun vinna að framgangi málsins í samræmi við niðurstöðu fundarins. Umræða fór fram hvernig það er best gert og að tryggt sé að unnið sé áfram að málinu í samráði við hagsmunaðila.

Unnið áfram að því að tryggja lagastoð starfsmenntanámsins í samvinnu við ráðuneytið og um leið að tryggja stöðu starfsmenntanáms við Lbhí.



5. Nýtt skipurit

Háskólaráð samþykkir nýtt skipurit sem lagt var fram á háskólafundi 13. september sl. og tekur það gildi 1. janúar nk. Áfram verður unnið að nauðsynlegum breytingum á reglum skólans í samræmi við athugasemdir sem fram hafa komið og í samráði við starfsmenn Lbhí.

6. Drög að breytingum á reglum

Lögð voru fram drög að breytingum á reglum Lbhí, drög að reglum um rannsóknamisseri og drög að rannsóknastefnu Lbhí.

7. Stofnun nýrrar Nordic master brautar

Vísað er til fyrri umfjöllunar háskólaráðs um stofnun nýrrar Nordic master brautar. Bjarni fór yfir málið. Háskólaráð samþykkir nýja Nordic master braut.

8. Lagt fram til kynningar

- a) Heimild mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur fengist fyrir doktorsnámi í skipulagsfræði. Bjarni þarf að vinna aðeins meira í þessu máli með ráðuneyti og miðstöð framhaldsnáms við HÍ.
- b) Gæðaúttekt (QEF2) fór fram þann 18. september og var mikil ánægja með framlagða skýrslu, nýja stefnu og tillögur að nýju skipuriti. Sérlega var tekið undir samþættingu háskólanáms og starfsmenntanáms sem hefur gefið góða raun annars staðar.
- c) Uppskeruhátíð verður haldin á Reykjum 4. okt. kl 18:00. Fulltrúar háskólaráðs velkomnir.
- d) Kennaradagur verður haldinn 11. okt.
- e) Boð um háskólaaðild að Samstarfsvettvangi um loftslagsmál og grænar lausnir. Lbhí hefur lýst yfir vilja sínum til að taka þátt í vettvanginum.
- f) Grænbók um fjármögnun háskóla er í vinnslu í ráðuneytinu. Rektor hefur skilað fyrstu athugasemdum f.h. Lbhí.
- g) Fyrsti meistaraneminn á vegum Landgræðsluskólans varði ritgerð sína 23. september sl.
- h) Lbhí var samþykktur sem hluti af Háskóla norðurslóða (University of the Arctic; UARCTIC) á aðalfundi UARCTIC í Stokkhólmi 18 sept. sl.
- i) Opinn hugarflugsfundur með starfsmönnum og hagsmunaaðilum um framtíðar-innviðauppbýggingu á Reykjum verður haldinn þann 18. okt. kl. 14:00.

9. Önnur mál og næsti fundur

Vinna við jafnlaunavottun er hafin og tóku rektor og mannauðsstjóri þátt í námskeiði á vegum FJR nýverið. Á fundi framkvæmdastjórnar í morgun var málið rætt og ákveðið að skipa stýrihóp sem myndi vinna málið áfram með mannauðsstjóra. Háskólaráð felur rektor að skipa "stýrihóp jafnlaunakerfis" fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands í tengslum við jafnlaunavottun. Stýrihópnum er ætlað að móta og útfæra tillögur að jafnlaunakerfi skólans sem síðar verða lagðar fyrir háskólaráð.

Næsti fundur verður haldinn 30. október kl. 13:30 á Hvanneyri.

Fundi slitið kl. 16:27

Fundargerð var lesin og samþykkt af öllum háskólaráðsfulltrúum.

